

Orðaröð í íslensku táknmáli

Jóhannes Gísli Jónsson

Í þessum fyrirlestri verður sagt frá nýlegri rannsókn á orðaröð í íslensku táknmáli (ÍTM) en hún byggist á þremur upptökum. Tvær af þessum upptökum eru samtöl milli þriggja málhafa en sú þriðja er frásögn einstaklings af gömlu atviki en upptökurnar voru glósaðar á íslensku og ýmis setningafræðileg fyrirbæri voru skráð sérstaklega.

Þótt upptökurnar séu aðeins 34 mínútur að lengd veita þær mikilvægar upplýsingar um orðaröð í ÍTM, þar á meðal ýmis atriði sem áður hafa (nánast) eingöngu verið könnuð í dómaprófum. Hér má nefna sem dæmi orðaröð innan nafnliða og sagnliða. Í upptökunum fundust dæmi um einkunnir bæði á undan nafnorði (LÍTILL ELDUR) og á eftir nafnorði (HÚS GÓÐUR) en fyrri rannsóknir sýna að báðar raðirnar eru mögulegar. Það sætir þó nokkrum tíðindum að fyrri röðin er mun algengari en sú síðari í upptökunum. Þá reyndist orðaröðin sögn - andlag (LEITA ELDSPÝTA; VITA EKKERT) mun algengari en röðin andlag - sögn (MINNING EIGA; LÚXUS ÞURFA) eins og búast mátti við þar sem fyrrnefnda röðin er talin grunnorðaröð í ÍTM (sjá Elísu Guðrúnu Brynjólfsdóttur o.fl. 2012) þótt hin röðin sé sannarlega einnig notuð.

Staða setningaratviksorða hefur aldrei verið könnuð í ÍTM en fyrirfram mátti búist við því að slík orð kæmu á undan sögn í upptökunum enda er ekki vitað um nein táknmál sem hafa sagnfærslu fram fyrir setningaratviksorð þótt þetta sé vel þekkt fyrirbæri í ýmsum raddmálum, t.d. íslensku (*Hann les aldrei bækur*). Dæmi um setningaratviksorð á signwiki.is benda líka í þessa átt. Nánast öll dæmin sem fundust um setningaratviksorð hafa setningaratviksorð á undan sögn (ALLTAF SPYRJA SAMA SPURNING; ÉG ALDREI PRÓFA HANN) en þó fannst eitt frávik frá þessu í dæmi með neitun (ÉG EIGA EKKI BLOKK). Hér er þó e.t.v. um íslenskuáhrif að ræða en slík áhrif virðast einkum koma fyrir í máli yngri málhafa.

Elísa G. Brynjólfsdóttir, Jóhannes Gísli Jónsson, Kristín Lena Þorvaldsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir. (2012). Málfræði íslenska táknmálsins. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 34:9-52.